

Alþjóðlegt bóknúmer - ISBN

Alþjóðlegt bóknúmer (International Standard Book Number (ISBN)) er staðall frá alþjóðlegu staðlastofnuninni (International Standards Organisation (ISO)). Hvert númer er einstakt og er megintilgangur alþjóðlega bóknúmerakerfisins að greina hvert rit sem best frá öðrum. Með samræmdri tölumerkingu rita skapast möguleikar á aukinni notkun tölva, jafnt hjá bókaútgáfum, bóksölum og bókasöfnum. Hægt er að gera bóknúmer læsileg á vélrænan hátt með því að gera úr þeim strikamerki með forskeytinu 978. Útgefendur þurfa ekki að sækja um leyfi til Viðskiptaráðs Íslands um notkun strikamerkja. Þetta gildir þó aðeins um gögn sem reglur um úthlutun ISBN-númera ná til. Ef útgefandi hefur önnur gögn á söluskrá sinni verður hann að merkja þau á annan hátt.

Notkun á alþjóðlegum bóknúmerum er stjórnað af alþjóðlegri stofnun í London, International ISBN Agency/EDItEUR. ISBN-númerakerfið á uppruna sinn að rekja til Englands þar sem tekið var upp staðalmerkjakerfi fyrir bækur (SBN) árið 1967. Kerfið reyndist hafa slíka kosti að það náði fljótlega alþjóðlegri útbreiðslu og árið 1970 var fyrsti alþjóðlegi ISBN-staðallinn (ISO 2108) gefinn út. Ríkisbókasafnið í Berlín, Staatsbibliothek Preussischer Kulturbesitz, tók að sér rekstur bóknúmerakerfisins og annaðist hann í rúm 30 ár eða þar til í apríl 2006 þegar alþjóðaskrifstofan flutti til London. Íslenskir bókaútgefendur hafa látið prenta ISBN-númer á bækur sínar frá því í mars 1990.

ISBN á Íslandi

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn rekur umboðsskrifstofu fyrir alþjóðlega bóknúmerakerfið. Er skrifstofan ábyrg fyrir kynningu á því hér á landi og sér einnig um útbreiðslu þess. Úthlutun og upplýsingaþjónusta er veitt útgefendum að kostnaðarlausu. Starfssvið umboðsskrifstofu er að úthluta hverjum útgefanda númeraröð með útgefendatölu hans og einstökum bóknúmerum til þeirra sem gefa út fáa titla eða einungis eina bók. Einnig þarf að fylgjast með því að bóknúmer séu rétt prentuð á bækur. Gerð er skrá yfir íslenska útgefendur sem er hluti af alþjóðlegri skrá, *Publishers' International ISBN Directory*.

Notkun ISBN-númera

Samkvæmt reglum um bóknúmer er útgefandi hver einstaklingur, fyrirtæki, hlutafélag, hópur eða stofnun sem gefur út bók. Númerið er veitt útgefanda, ekki prentsmiðju, nema hún sé kostnaðar- og ábyrgðaraðili.

ISBN-númer á að setja á:

- prentaðar bækur og bæklinga
- rit í örmyndaformi
- rit á blindralettri
- hljóðbækur, þ.e. bækur á snældu eða geisladiski
- verk með blandaðri tækni
- bókverk á tölvutæku/rafrænu formi
- fræðslu-/kennslumyndbönd/diska
- landakort
- stök bindi ritraða, greinar eða stök tímaritshefti sem gefin eru út sem sérstök rit

ISBN-númer á ekki að setja á:

- blöð og tímarit
- dægurprent, t.d. dagbækur, dagatöl, auglýsingaefni, fundargögn o.s.frv.
- nótnablöð
- eftirprentanir listaverka, án titilsíðu og texta
- hljóðrit, þ.e. snældur og geisladiska með tónlist
- myndbönd og mynddiska, nema þeir innihaldi fræðslu- eða kennsluefni

Við notkun á ISBN-númerum skal ávallt hafa í huga að aðalatriði verksins sé texti (óháð útgáfuformi) og að útgáfan sé almennt aðgengileg (t.d. ekki í litlu upplagi, dreift innan þröngs hóps, eða á lokuðum vef).

Blöð og tímarit eru undanþegin ISBN-númeri vegna þess að á þau má setja alþjóðlegt tímaritsnúmer (International Standard Serial Number (ISSN)). Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn rekur einnig umboðsskrifstofu fyrir alþjóðlega tímaritsnúmerakerfið. Helga Kristín Gunnarsdóttir, hkg@bok.hi.is, upplýsingadeild, s. 525-5755 sér um úthlutun þessara númera.

Gerð alþjóðlega bóknúmersins ISBN

Fram til ársins 2007 var ISBN-númerið tíu stafa tala sem skipt var í fjóra mislanga þætti. Frá og með 1. janúar 2007 er ISBN-númerið þrettán stafa tala sem skipt er í fimm mislanga þætti. Með þrettán stafa númerinu hefur verið innleitt forskeyti sem lengir númerið um einn þátt eða þrjá tölustafi. Þættir ISBN-númersins eru: forskeyti, hóptala, tala útgefanda, titiltala og vartala.

Dæmi:

ISBN 9979-2-1974-2

ISBN 978-9979-2-1974-3

Hóptala	Tala útgefanda	Titiltala	Vartala
9979	2	1974	2

Forskeyti	Hóptala	Tala útgefanda	Titiltala	Vartala
978-	9979-	2-	1974-	3

ISBN-númerið 9979-2-1974-2 á við bók sem útgefin er af Vöku-Helgafelli og ber titilinn *Konungsbók*. ISBN 978-9979-2-1974-3 er þrettán stafa útgáfa af þessu númeri. Úr númerinu er lesið á eftirfarandi hátt:

9979	Ísland
2	Vaka-Helgafell
1974	Konungsbók
2	Vartala
978	Forskeyti

9979	Ísland
2	Vaka-Helgafell
1974	Konungsbók
3	Vartala

Forskeyti:

Forskeytið er þriggja stafa tala. Talan 978 er forskeyti ISBN-númersins og er sama talan og notuð er til að reikna út strikamerkistöluna (EAN-13).

Hóptala:

Hóptala getur átt við þjóð, landsvæði, málsvæði eða hóp. Stærð tölunnar fer eftir áætlaðri útgáfu hópsins. Dæmi um hóptölur eru Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Nýja Sjáland, Suður Afríka og Bretland er öll hafa töluna 0 og 1, Noregur 82, Danmörk 87, Svíþjóð 91, Finnland 951 og 952 og Ísland 9979 og 9935.

Tala útgefanda:

Tala útgefanda getur verið eins til fjögurra stafa. Lengd tölunnar fer eftir fjölda útgefina titla. Því meiri útgáfa því lægri er tala útgefanda. Á Íslandi gefa margir út aðeins eina bók og fá þeir úthlutað bóknúmerum úr sérstökum flokki.

Titiltala:

Titiltala einkennir ákveðinn titil, þ.e.a.s. ákveðið bindi eða útgáfu titils. Kiljur og harðkiljur með sama titil hafa ólík ISBN númer.

Vartala:

Vartala er síðasti tölustafur í hverju ISBN númeri. Hún er reiknuð út á grundvelli hinna talnanna og ákvarðar hvort ISBN númerið er rétt. Þegar vartala á að vera 10 er X notað í staðinn. Dæmi: 978-9979-70-148-X.

Tilgangur og framkvæmd ISBN hér á landi

Tilgangi með hinu alþjóðlega bóknúmerakerfi ISBN verður því aðeins náð að útgefendur láti prenta bóknúmer á bækur sínar. Þetta þýðir að allir sem gefa út bók verða að fá bóknúmer áður en bókin er prentuð. Íslenskir bókaútgefendur geta fengið bóknúmer með því að sækja um útgefendatölu eða einstök númer hjá ISBN skrifstofu Landsbókasafni. Þetta verður að gera með góðum fyrirvara og nógu snemma til að hægt sé að láta prenta númerið á bækurnar. Útgefandi er ábyrgur fyrir úthlutun númera sinna. Nýja útgáfu af ISBN handbók notenda sem gildir frá 2007, *ISBN Users' Manual*, er að finna á vef alþjóðaskrifstofunnar <http://www.isbn-international.org/pages/media/ISBN%202005%20users%20manual.pdf>.

Áður en bóknúmer eru skráð í Gegni og Íslenska útgáfuskrá eru þau sannreynd og röng bóknúmer leiðrétt.

Prentun ISBN-númera

Alltaf skal prenta ISBN-númer á bakhlið titilsíðu en einnig er æskilegt að prenta það neðst á bakspjald bókar og á sama stað á lausa kápu. Númerið er prentað þannig að fyrst koma bókstafirnir ISBN og síðan tölurnar, hver þáttur aðskilinn með striki frá hinum næsta. Dæmi: ISBN 978-9979-54-726-6. Strikamerkið er neðst á bakhlið bókar og ávallt skal prenta ISBN-númerið með bandstrikunum ofan við strikamerkið en strikamerkistöluna, án bandstrika, fyrir neðan. Dæmi:

ISBN 978-9979-3-3009-7



9789979330097

Úthlutun ISBN-númera

Bóknúmer eiga að fá:

- Hver titill sem gefinn er út í fyrsta skipti, þ.e.a.s. 1. útgáfa.
- Hver titill sem gefinn er út í margskonar búnaði, t.d. í bandi, kilju og á snældu eða á rafrænu formi, með eða án fylgiefnis; hver búnaður fær þá mismunandi bóknúmer.
- Hver safntitill fjölbindaverks og þá er jafnframt úthlutað bóknúmeri fyrir hvert bindi.
- Hver ný útgáfa. Það telst ný útgáfa ef breyting verður á bandi eða búnaði, útliti texta, eða bókin er sett að nýju

Endurútgáfa fær nýtt bóknúmer ef bókinni hefur verið breytt að einhverju leyti, t.d. hvað varðar myndir, nýja þýðingu eða skýringar, en ekki ef um er að ræða endurprentun, án breytinga. Nýr litur á kápu eða leiðrétting á prentvillum telst ekki vera breyting á útgáfu.

Ný útgáfa gefin út af öðrum útgefanda en þeim er áður gaf bókina út. T.d.: *Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn*, útgefandi Mál og menning (ISBN 9979-3-0074-4). Sama bók útgefing hjá Almenna bókafélaginu (ISBN 9979-4-0021-8).

Gagnleg vefföng

Alþjóðaskrifstofa ISBN:

<http://www.isbn-international.org>

Forrit til að reikna út 13-stafa númer:

<http://www.isbn-international.org/converter/converter.html>

Notendahandbók ISBN:

<http://www.isbn-international.org/pages/media/ISBN%202005%20users%20manual.pdf>

ISBN á rafræna útgáfu:

http://www.isbn-international.org/pages/media/ISBN_e-book_paper_Feb2010.pdf

Upplýsingar um strikamerki:

GS1 Ísland: <http://www.gs1.is/>

Upplýsingar um bóknúmer gefur:

Helga Kristín Gunnarsdóttir hkg@bok.hi.is, sími: 525-5755

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Upplýsingadeild - Alþjóðlegt bóknúmerakerfi

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík, fax: 525-5612,

Netfang: isbn@bok.hi.is

Síðast breytt 20. apríl 2010

Alþjóðlegt tímaritsnúmer - ISSN

Alþjóðlegt tímaritsnúmer, International Standard Serial Number (ISSN), er staðall númer ISO-3297 frá alþjóðlegu staðlastofnuninni, International Standards Organisation (ISO). Vegna mjög mikillar útgáfu tímarita í heiminum og vinnslu skráa yfir þau í tölvum var ákveðið að gefa hverjum titli eitt númer sem auðkennir hann.

Notkun á alþjóðlegum tímaritsnúmerum er stjórnað af alþjóðlegri stofnun í París, Centre international de l'ISSN (ISSN International Center), sem komið var á fót árið 1974 á vegum UNESCO og frönsku ríkisstjórnarinnar. Stofnunin heldur tölvuskrá, ISSN-register, þar sem öll tímarit sem bera ISSN-númer eru skráð. Auk alþjóðaskrifstofunnar í París samanstendur ISSN alþjóðanetið (ISSN Network) af skrifstofum víðsvegar um heiminn sem sjá um að úthluta ISSN-númerum fyrir tímarit í viðkomandi löndum. Tölumerking tímarita og skráning þeirra í ISSN-register er útgefanda að kostnaðarlausu.

ISSN-númer á íslensk tímarit

Úthlutun ISSN númera fyrir íslensk tímarit hófst á áttunda áratugnum og hafa íslenskir útgefendur látið prenta ISSN númer á tímarit a.m.k frá því árið 1980. Árið 1984 hóf Háskólabókasafn, og síðar Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, að hafa milligöngu um að útvega alþjóðleg tímaritsnúmer frá alþjóðaskrifstofunni í París sem annaðist skráningu ritanna fyrir okkar hönd.

Í lok ársins 2000 var undirritaður samningur við ISSN alþjóðaskrifstofuna í París um stofnun landsskrifstofu fyrir alþjóðlega tímaritsnúmerakerfið í Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni og hóf hún starfsemi árið 2001. Hlutverk hennar er að úthluta ISSN-númerum fyrir íslensk tímarit og annast skráningu þeirra í tölvuskrá alþjóðaskrifstofunnar í París. Auk þess ber skrifstofan ábyrgð á kynningu og útbreiðslu ISSN kerfisins hér á landi og fylgist með að ISSN númer séu rétt notuð.

Tímarit hafa verið skilgreind sem rit sem koma út undir sama titli í mörgum hlutum, sem oftast eru tölumerktir á einhvern hátt og útgáfutímabil er óákveðið. Skilgreiningin nær til blaða, tímarita, fréttabréfa, ritraða, ársrita og ársskýrslna. Hún nær einnig til tímarita sem gefin eru út í öðru formi en prentuðu, svo sem rafrænna tímarita á vefnum og á geisladiskum.

Hægt er að fá úthlutað ISSN-númeri fyrir öll blöð, tímarit, ritraðir og árbækur. Æskilegt er að sækja um ISSN-númer fyrir ný tímarit áður en fyrsta tölublað er gefið út. Útgefandi ber ábyrgð á að láta prenta ISSN-númerið rétt á tímaritið bæði með venjulegu letri og í formi strikamerkis.

Gerð og notkun alþjóðlega tímaritsnúmersins ISSN

ISSN er átta stafa tala. Hún skiptist í tvo fjögurra stafa þætti sem aðskildir eru með bandstriki. Áttundi stafur ISSN-númers er vartala sem reiknuð er út frá hinum sjö tölunum (Modulus 11). Ef vartalan er 10 er notað X í staðinn. Dæmi: ISSN 1670-620X.

ISSN-númerið verður að prenta á hvert tölublað tímarits. Númerið er prentað í tveim þáttum sem aðskildir eru með bandstriki og stafirnir ISSN fara á undan. Dæmi: ISSN 0257-6775. Æskilegast er að prenta númerið efst í hægra horni á kápu. Auk þess er gott að númerið sé prentað á svokallaða ritstjórnarsíðu. Númerið er alltaf prentað á þennan hátt, þó svo að það sé einnig birt í formi strikamerkis.

ISSN-númerum er úthlutað í beinni númeraröð og þau innihalda engan þátt sem skilgreinir land eða útgefanda.

ISSN-númeri er úthlutað fyrir einn titil tímarits sem litið er á sem aðaltitil. Útgáfa þessa aðaltitils getur breytt um útgáfuland, útgefanda, útgáfutíðni o.s.frv. Sama ISSN-númer mun einkenna hann þrátt fyrir allar þessar breytingar.

Gerður er greinarmunur á tengdum tímaritatitlum og þá úthlutað fleiri en einu ISSN-númeri í eftirfarandi tilvikum:

- tímarit er gefið út í fleiri en einu formi t.d. tímarit, geisladiskur, snælda eða vefrit. Þá er úthlutað einu ISSN-númeri fyrir hvert form.
- tímarit er gefið út undir einum titli, en auk þess eru gefin út fylgirit sem bera sérstaka titla.
- tímarit er gefið út í einni aðalritröð, ásamt undirritröðum, þá fær hver ritröð sitt einstaka ISSN-númer o.s.frv.

Ef tímarit breytir um titil er litið svo á að um nýtt tímarit sé að ræða og nýju ISSN-númeri er úthlutað.

ISSN-L

Ný útgáfa af ISSN-staðlinum, ISO-3297:2007, tók gildi í október 2008. Skv. nýja staðlinum hefur hlutverk ISSN-númersins verið aukið. Nýtt ISSN-númer, ISSN-L („ISSN-Link“ eða „linking ISSN“), má nota til að tengja saman mismunandi útgáfuform tímarits. ISSN-L er m.a. hugsað til að auðvelda leit að tímaritum á Netinu, í bókasafnskerfum og gagnagrunnum og gera auðveldara að finna efni óháð útgáfuformi þess. Aðeins eitt ISSN-L númer auðkennir tímaritið sama hve útgáfuform þess eru mörg. ISSN-L númeri er ekki úthlutað sem slíku, heldur fær fyrsta númerið sem úthlutað er fyrir hvern titil þetta hlutverk. Dæmi:

Tímarit sem gefið er út á einu útgáfuformi:

ISSN-L 1670-0244

Rafræn útgáfa: Netla = ISSN 1670-0244

Tímarit sem gefið er út á tveimur útgáfuformum:

ISSN-L 1670-4312

Prentuð útgáfa: Tímarit um raunvísindi og stærðfræði = ISSN 1670-4312

Rafræn útgáfa: Tímarit um raunvísindi og stærðfræði = ISSN 1670-4320

Tímarit sem gefið er út á þremur útgáfuformum:

ISSN-L 1188-1534

Prentuð útgáfa: Plant varieties journal (Ottawa) = ISSN 1188-1534

Rafræn útgáfa: Plant varieties journal (Ottawa. Online) = ISSN 1911-1479

Útgáfa á geisladiski: Plant varieties journal (Ottawa. CD-ROM) = ISSN 1911-1460

Nánari upplýsingar um ISSN-L númer er að finna á vef alþjóðaskrifstofunnar

<http://www.issn.org/2-22637-What-is-an-ISSN-L.php> og þar er einnig hægt er að nálgast töflu yfir þau.

Strikamerki á tímarit

ISSN-númer er hægt að gera læsilegt á vélrænan hátt með því að umskrifa það yfir í vörunúmer samkvæmt EAN-13 staðli. Forskeyti ISSN-númersins er 977.

EAN-13 er þrettán stafa tala sem birt er í formi strikaleturs. Fyrir neðan strikaletrið birtist númerið á lettri sem augað les, ef til þess kæmi að slá þyrfti töluna inn. Strikamerki fyrir tímarit eru frábrugðin strikamerkjum fyrir bækur á þann hátt að á tímaritum á alltaf að vera hliðarstrikamerki (sjá mynd hér á eftir).

Hægt er að gera strikamerki úr átta stafa ISSN-númeri á eftirfarandi hátt:

977	X1 X2 X3 X4 X5 X6 X7 Q1 Q2 C S1 S2
977	er tala sem úthlutað er af Alþjóðlegu vörunúmerasamtökunum til að nota sem fortölu í strikamerki fyrir tímarit.
X1-X7	eru sjö fyrstu tölustafir úr úthlutaðu ISSN-númeri tímaritsins. Áttundi tölustafurinn er ekki tekinn með vegna þess að hann er vartala ISSN-númersins og reiknaður út eftir hinum tölunum sem á undan fara (Modulus 11). EAN-númerið fær nýja vartölu.
Q1-Q2	eru aukasæti til að sýna breytileika innan sama titils t.d. fyrir sérblöð og möguleiki til að aðgreina mismunandi tölublöð dagblaðs innan sömu viku. Þetta verður alltaf að merkja hér en ekki í hliðarstrikamerkið. Venjulegur titill er fylltur með 00. Q1-Q2 má ekki nota í tengslum við verðhækkningar.
C	er vartala EAN-númersins og reiknast út frá hinum tólf tölunum sem á undan fara (Modulus 11).
S1-S2	er hliðarstrikamerki sem fyllt er út eftir útgáfutíðni (sjá lista hér á eftir). Þetta auðveldar verðbreytingar og birgðabókhald í tölvu.

Dæmi: Tímaritið Húsfreyjan hefur ISSN-númerið 0018-7984. Það er gefið út fjórum sinnum á ári. Strikamerki fyrir 2. tbl. þessa tímarits, þ.e. júní heftið 2002, væri gert á eftirfarandi hátt:

977	X1	X2	X3	X4	X5	X6	X7	Q1	Q2	C	S1	S2
977	0	0	1	8	7	9	8	0	0	8	0	6



Ef tímaritið væri hins vegar ársrit, vikurit eða mánaðarrit væri strikamerkið gert á annan hátt

eins og fram kemur hér á eftir.

Hliðarstrikamerki

Hliðarstrikamerki verður alltaf að hafa til viðbótar við EAN-13 strikamerkið. Það er notað til þess að auðkenna einstök tölublöð blaða og tímarita og verður að fylla upp sætin fyrir S1-S2 á ákveðinn hátt eftir útgáfutíðni ritanna. Strikamerki eru búin til fyrir viku, mánuði eða ár og þegar hverju merkingartímabili lýkur má nota þau aftur óbreytt.

Dagblöð	Q1-Q2 frá 01 til 07 (fjöldi daga í viku) og S1-S2 með 01 til 52 (fjöldi vikna í ári).
Vikublöð	S1-S2 frá 01 til 53 (fjöldi vikna í ári). Blöð eða tímarit sem koma út aðra hverja viku eru merkt 02, 04, 06, ... 52 eða 01, 03, 05, ... 53 eftir því í hvaða viku fyrsta tölublað ársins kemur út.
Mánaðarrit	merkið S1-S2 frá 01 til 12 (fjöldi mánaða í ári). Blöð og tímarit sem koma út annan hvern mánuð eru merkt 02, 04, 06, ... 12 eða 01, 03, 05, ... 11 eftir því í hvaða mánuði fyrsta tölublað ársins kemur út.
Ársfjórðungsrit	merkið S1-S2 eftir sömu reglum og gilda um mánaðarrit, þ.e.a.s. eftir útgáfumánuði.
Árstíðabundin rit	merkið S1 með síðasta staf í ártali og S2 með árstíð (vor = 1 ; sumar = 2 ; haust = 3 ; vetur = 4). Blöð og tímarit sem koma út aðra hvora árstíð eru merkt á sama hátt.
Ársrit - Árbækur	merkið S1 með síðasta staf í ártali og S2 með tölunni 5.
Önnur rit rit	sem ekki falla undir ofangreindar skilgreiningar eru merkt í S1-S2 með tölum frá 01-99.

Upplýsingar um strikamerki:

GS1 Ísland
Kringlunni 7
103 Reykjavík
Sími: 511 3011
info@gs1.is
<http://www.gs1.is>

Gagnleg vefföng:

Alþjóðaskrifstofa ISSN:
<http://www.issn.org>

Notendahandbók ISSN:
http://www.issn.org/files/issn/Documentation/ISSN_Manual_ENG_ED_2009.pdf

Um útgáfu tímarita, ISSN skrifstofa Bandaríkjanna:
<http://www.loc.gov/issn/basics/basics-whatsiname.html>

Upplýsingar um tímaritsnúmer gefur:

Helga Kristín Gunnarsdóttir hkg@bok.hi.is, sími: 525-5755

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Upplýsingadeild – Alþjóðlegt tímaritsnúmerakerfi

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík, fax: 525-5612,

Síðast breytt 20. apríl 2010

ISMN-númer

ISMN er alþjóðlegur staðall fyrir nótuútgáfu. Skammstöfunin stendur fyrir International Standard Music Number sem er staðall númer 10957 frá alþjóðlegu staðlastofnuninni ISO. ISMN kerfið er systurkerfi ISBN kerfisins og virkar á sama hátt en er eingöngu ætlað til að auðkenna nótur og nótutengda útgáfu.

Árið 1989 skipaði alþjóðlega staðlaráðið ISO vinnuhóp til að undirbúa útgáfu alþjóðlegs staðals fyrir tónlistarútgáfu fyrir tilhlutan Alþjóðasamtaka tónlistarbókavarda, IAML (International Association of Music Librarians). Samtökin höfðu lagt til að tekið væri upp sérstakt númerakerfi fyrir nótuútgáfu. Nauðsynlegt þótti að aðgreina nótuútgáfu frá annarri útgáfu vegna þess að hún er annars eðlis og ætluð fyrir annan markað en bókaútgáfa. Fyrsti alþjóðlegi ISMN staðallinn var samþykktur og gefinn út árið 1993. Staðallinn var endurskoðaður árið 2008 og endurútfinn í júlí 2009.

Notkun á ISMN númerum er stjórnað af alþjóðlegri skrifstofu, ISMN International Agency <http://www.ismn-international.org/>, sem heyrir undir Ríkisbókasafnið í Berlín, Staatsbibliothek Preussischer Kulturbesitz.

ISMN á Íslandi

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn hefur nýverið innleitt ISMN kerfið en formleg aðild okkar að kerfinu hófst í janúar 2013. Hefur safnið umsjón með úthlutun ISMN númera fyrir íslenska nótuútgáfu og ber jafnframt ábyrgð á kynningu og útbreiðslu kerfisins hér á landi. Hver útgefandi getur fengið númeraröð með útgefendatölu hans eða stök númer fyrir einstaka útgáfu. Úthlutun og upplýsingaþjónusta er veitt útgefendum að kostnaðarlausu. Gerð er skrá yfir íslenska tónlistarútgefendur sem er hluti af alþjóðlegri skrá *Music Publishers International ISMN Database*. Skráin er aðgengileg á vef alþjóðaskrifstofunnar <http://www.ismn-international.org/directory.php>.

Notkun ISMN númera

ISMN númer eru notuð á nótnablöð, nótnabækur og annað nótutengt efni án tillits til þess hvort ritin eru seld eða gefin og án tillits til útgáfuforms. ISMN númer eru ekki ætluð fyrir hljóðrit af neinu tagi eða fyrir bækur um tónlist sem fá ISBN númer. Sérhvern hluta útgefins tónlistarverks, sem fánlegur er einn og sér, á að auðkenna með ISMN númeri.

Tónlistarútgáfa getur verið nótur, nótur í vasabroti (ekki ætlað til flutnings), hlutar tónsmíðar fyrir mismunandi hljóðfæri sem ætlaðir eru til sölu einir og sér eða eru aðgengilegir sem hluti af stærra tónlistarverki. Hvert verk og hver ný útgáfa þess fær sérstakt ISMN númer.

ISMN númer eru notuð á:

- Nótur
- Nótur í vasabroti
- Raddskrár
- Hluta af verki sem seldir eru saman, þ.e. settið
- Einstaka hluta verks sem fást sér

- Sýnisbækur
- Texta sem gefnir eru út með nótunum, ef þeir eru fánlegir sérstaklega
- Skýringar með nótunum, ef þær eru seldar sérstaklega
- Rafræna útgáfu
- Útgáfu á blindralettri

Ekki á að nota ISBN númer á nótur eða nótnabækur. Hafi nótnabók fengið ISBN númer skal nota ISMN númer sé hún endurprentuð eða endurútgefin. ISMN númerum má úthluta afturvirktt og er það æskilegt sé hægt að koma því við. Skilgreina má nótna- eða söngbækur með miklum texta og myndskreytingum sem venjulegar bækur og geta þær því einnig fengið ISBN númer.

Tilgangurinn með notkun ISMN númera

Notkun ISMN númera einfaldar alla meðhöndlun og ferli í sölu, dreifingu og skráningu á tónlistarefni. Það auðveldar útgefendum, söluaðilum og bókasöfnum að halda utan um bókfræðilegar upplýsingar. ISMN númer er notað við birgðahald, pantanir og dreifingu og við gerð skráa yfir tónlistarútgáfu. Það auðveldar bókasöfnum að finna upplýsingar um tónlistarefni og nýtist við pantanir og millisafnalán. Með því að nota ISMN númer er einfalt að finna nákvæmlega réttu útgáfuna. ISMN númer gerir tónlistarefni sýnilegra því það er hægt að greina það frá öðru efni á einfaldan hátt. Það auðveldar skylduskilasöfnum að fylgjast með útgáfunni og tryggir vitneskju um allt það sem út er gefið og fær sérstakt ISMN númer.

Gerð ISMN númersins

Upphaflega var ISMN númerið 10 tölustafir eins og ISBN númerið. Það byrjaði á bókstafnum M til aðgreiningar frá ISBN númerinu. Árið 2008 var ISMN númerið lengt í 13 tölustafi til samræmis við þær breytingarnar sem höfðu verið gerðar á ISBN númerakerfinu. Forskeytið 979-0 aðgreinir nú ISMN númerið frá ISBN númerinu. Núllið kom í stað tölustafsins M en 979 er EAN-13 forskeyti sem gerir númerið sambærilegt EAN-13 strikamerkisnúmerinu. ISMN númerið inniheldur enga hóptölu eða landstölu. Þegar 10 stafa ISMN númeri er breytt í 13-stafa númer heldur það endatölunni eða tékktölunni óbreyttri, öfugt við ISBN númerið sem fær nýja endatölu.

Dæmi:

ISMN : M230671187

ISMN 979-0-230671-18-7

ISMN númerið skiptist í fjóra hluta: forskeyti, útgefendatölu, útgáfunúmer og vartölu/tékktölu. Númeraraðir sem innihalda 10 ISMN númer hafa sjö stafa útgefendatölu. Númeraraðir sem innihalda 100 númer hafa sex stafa útgefendatölu, o.s.frv.

ISMN og strikamerki

ISMN númeri er hægt að umbreyta í strikamerki og gera læsilegt á vélrænan hátt skv. EAN-13 staðli:

ISMN 979-0-700317-00-3



[Umsóknareyðublað](#)

Notendahandbók ISMN, *ISMN Users' Manual*, er aðgengileg á vefslóðinni http://www.ismn-international.org/manual_intro.html.

Upplýsingar um ISMN númer gefur:

Helga Kristín Gunnarsdóttir, hkg@landsbokasafn.is, sími: 525 5755

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Upplýsingadeild - Alþjóðlegt nótunúmerakerfi

Arngrímögötu 3, 107 Reykjavík